I. Til samgönguráðherra um varaflugvöll fyrir millilandaflug.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Árna Gunnarssyni.

1. Hvaða aðila ber að taka ákvörðun um varaflugvöll fyrir millilandaflug, sé þess talin þörf?
2. Hefur slík ákvörðun verið tekin og ef svo er, hverjar eru meginforsendur hennar?
3. Hafi ákvörðun ekki verið tekin, er hennar þá að vænta? Hvaða staðir koma helst til greina og hver eru aðalrökin með og móti hverjum þeirra?

II. Til viðskiptaráðherra um endurskoðun laga nr. 53 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hefur viðskiptaráðherra látið hefja endurskoðun á lögum nr. 53 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar?
2. Ef svo er, hvenær má vænta þess, að lagt verði fram á Alþingi frumvarp, sem byggir á endurskoðun þessari?